



Ávöxtun 2004

Góð ávöxtun og mikil áhættudreifing

Á árinu 2004 var ávöxtun góð hjá LSR og LH. Nafn-ávöxtun beggja sjóða nam 13,8% og hrein raun-ávöxtun var 9,3%. Eins og áður lagði sjóðurinn mikla áherslu á áhættudreifingu og er áhættunni vel dreift, bæði á eignaflokka og niður á einstaka útgefendur. Á árinu var áfram unnið að því að færa eignarsamsetningu nær markmiðinu í fjárfestingarstefnu sjóðanna. Fjárfestingarstefnan gerir ráð fyrir að 50% séu í innlendum skuldabréfum, 5% í erlendum skuldabréfum,

10% í innlendum hlutabréfum og 35% í erlendum hlutabréfum. Í dag eru íslensk ríkisskuldabréf og lán til sjóðfélaga stærstur hluti skuldabréfaeignar sjóðanna. Í fjárfestingarstefnunni er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Sjóðirnir telja að þessi fjárfestingarstefna sé best til þess fallin, að teknu tilliti til ávöxtunar og áhættu, að mæta lífeyrisskuldbindingum sjóðanna.

LSR lán, aukin eftirspurn, eftirsóknarverð kjör

Það fer ekki á milli mála að sjóðfélagar LSR telja LSR lán hagkvæman kost við fjármögnun fjárfestinga sem og við endurfjármögnun eldri lána. Það sem af er þessu ári nema ný útlán í hverjum mánuði um tvö- til þrefalt hærri upphæð en á sama tíma í fyrra. Þá hefur meðalfjárhæð hvers láns rúmlega tvöfaldast. Það er því ljóst að sjóðfélagar LSR kunna að meta sveigjanlega skilmála LSR lánanna og þau vaxtakjör sem sjóðurinn býður upp á. LSR hefur enn aukid áherslu á ráð-

gjöf við viðskiptavinum í tengslum við afgreiðslu lána því þó vaxtakjör hafi batnað skiptir miklu máli að skoða dæmið vel frá öllum hliðum þegar há fjárhæð er tekin að láni til langs tíma.

Boðið er upp á lán með 4,15% föstum vöxtum. Jafnframt er boðið upp á lán með breytilegum vöxtum en þeir lækkuðu úr 4,33% í 4,16% þann 1. apríl síðastliðinn. Sú lækkan stafar af lækkan á ávöxtunarkröfu Íbúðarbréfa sem breytilegir vextir LSR taka mið af.

„Sumarið er tíminn.“ Með skemmtilegri mynd frá Akureyri sendir Fréttabréf LSR sjóðfélögum og samstarfsfólki sumarkeðjur.

Sjóðfélagavefur LSR

Sjóðfélagar sem greiða í Séreign LSR hafa um nokkurt skeið getað nálgast upplýsingar um greiðslur og inn eign á svokölluðum Sjóðfélagavef LSR. Innleiðing nýrra upplýsingakerfa gefur möguleika á aukinni upplýsingagjöf til sjóðfélaga gegnum netið og verða sjóðfélagar með réttindi í A-deild sjóðsins næstir til að njóta þess. Allir sjóðfélagar A-deildar, sem greiddu inn í sjóðinn á síðasta ári, fá nú send lykilorð með ársyfirlitum sínum og geta þannig nálgast yfirlit sín á vef sjóðsins, www.lsr.is, og fengið þannig betri yfirsýn yfir heildarstöðu lífeyrisréttinda sinna og iðgjaldaskil launagreiðenda. Þeir sem nú þegar hafa aðgang að Séreign á Sjóðfélagavefnum þurfa ekki nýtt lykilorð heldur mun A-deild einfaldlega bætast við það sem fyrir er. Rétt er að benda sjóðfélögum, sem eiga réttindi í A-deild og Séreign og eru að nálgast lífeyrisaldur, á að skoða vel hvernig best er að huga að útgreiðslum úr þessum tveimur deildum.

Ávarp stjórnarfor- manns LSR

Árið 2004 var eitt það besta í sögu LSR. Vegið meðaltal nafnávöxtunar hjá öllum deildum var 13,7% sem svarar til þess að hrein raunávöxtun hafi verið um 9,3%. Miklar sveiflur hafa verið í ávöxtun íslenskra lífeyrissjóða á síðustu árum. Eftir mjög gott ár 1999 komu þrjú erfið ár þar sem meðalávöxtun sjóðanna var neikvæð, en LSR hefur ætíð haft varfærni í fjárfestingum að leiðarljósi og á þessum erfiðu árum var ávöxtun sjóðsins yfir meðallagi og einungis neikvæð á árinu 2002. Á árunum 2003 og 2004 hefur ávöxtunin síðan verið með besta móti.

Sökum varfærinnar fjárfestingarstefnu hefur hún þó ekki náð þeim sjóðum sem sýna hæsta ávöxtun. Engu að síður hefur hún verið mjög góð eða 10,6 % hrein raunávöxtun á árinu 2003 og 9,3% á árinu 2004. Í árslok 2004 voru samanlagðar eignir allra deilda LSR tæplega 180 milljarðar króna og höfðu aukist um 34 milljarða frá árinu á undan eða um rúmlega 23%. Hér er eingöngu miðað við eignir í vörslu sjóðsins en ekki teknar með kröfur sjóðsins á hendur launagreiðendum um greiðslu hluta af lífeyri í framtíðinni.

Á undanförunum árum hafa eignir sjóðsins aukist mikið; tvöfaldast frá miðju árinu 2001, rúmlega fjórfaldast frá árinu 1998 og sexfaldast frá árinu 1996. Þessi eignaukning stafar af stofnun A-deildar, sem byggir á fullri sjóðsöfnun, greiðslum ríkissjóðs inn á skuldbindingar við B-deild og góðri ávöxtun.

Af verðbræfaeign LSR eru rúmlega 59% í innlendum skuldabréfum, tæplega 16% í innlendum hlutabréfum og 24% í erlendum hlutabréfum og tæplega 1% í erlendum skuldabréfum. Góð áhættudreifing hefur ætíð verið höfð að leiðarljósi hjá sjóðnum. Samkvæmt fjárfestingarstefnu er leitast við að dreifa áhættu á mismunandi eignarflokka. Með því verður sjóðurinn best í stakk búinn til að mæta sveiflum í ávöxtun einstakra eignaflokka.

Séreign LSR

Viðtal við Ágústu H. Gísladóttur deildarstjóra Séreignar LSR



Um síðustu áramót hófst sjöunda starfsár Séreignar LSR og hefur sjóðurinn þróast talsvert frá því hann tók til starfa. Helstu breytingar eru þær að fjárfestingarleiðum hefur verið fjölgað, eftirlit og innheimta hefur verið hert og eignastýring og þjónusta flutt til LSR.

Þá hafa þær breytingar orðið á starfsumhverfinu að lögbundið mótframlag hefur verið afnumið og eftir stendur kjarasamningsbundið mótframlag sem er núna komið inn í allfesta kjarasamninga. Ágústa H. Gísladóttir var ráðin sem deildarstjóri Séreignar LSR fyrir 2 árum og hefur starfað fyrir deildina síðan. Okkur hjá Fréttabréfi lék forvitni á að vita hvað Séreign LSR hefur fram að bjóða og hver sé framtíðarsýnin?

Hvað hefur Séreign LSR fram yfir aðra séreignarsjóði?

Hjá Séreign eru engar þóknar teknar eða umsýslugjöld og rennur ávöxtun því óskert til sjóðfélaga því hjá Séreign LSR eru sjóðfélagar einu hluthafarnir. Slagorð Séreignar LSR er „Séreign á traustum grunni“ og erum við þar að vísa í það öryggi og reynslu sem einkennir eignastýringu fjárfestingarleiða Séreignar LSR. Eignastýring LSR sér um ávöxtun eigna Séreignar samhliða öðrum eignum LSR, stærsta lífeyrissjóðs landsins, og hefur skilað framúrskarandi ávöxtun undanfarin ár. Ennfremur má sérstaklega nefna góðan árangur á síðastliðnu ári þar sem Leið 1 skilaði hærri ávöxtun en sambærilegar leiðir hjá KB banka, Íslandsbanka og Landsbanka.

Hvað er ólíkt milli séreignarsjóða?

Séreignarsjóðir starfa í miklu samkeppnisumhverfi en eftir sambærilegum reglum og réttindi eiga því að vera sambærileg milli sjóða. Það er þó margt sem getur verið ólíkt, s.s. hvernig ávöxtun er háttáð, hve mikill fjölbreytileiki er við val á fjárfestingarstefnu, hvernig gjöldum og þóknunum er háttáð og einnig hvers konar þjónustu þeir veita. Það er mikilvægt fyrir hvern og einn að kynna sér vel hina mismunandi sjóði og þá þjónustu sem veitt er og taka í framhaldinu meðvitaða ákvörðun um val á þeim séreignarsjóði sem viðkomandi treystir best fyrir sínum séreignarsparnaði.

Af hverju er séreignarsparnaður hagstæðari en annar frjáls sparnaður?

Þar skiptir kjarasamningsbundið mótframlag meginmál en með mótframlagi launagreiðandans er umtalsverðri fjárhæð bætt við hverja innborgun. Það sem gerir séreignarsparnað einnig mjög hagstæðan er skattalega hagræðið, sem helgast af því að hvorki er greiddur fjármagnstekjuskattur né eignaskattur af sparnaðinum. Auk þess má nefna að iðgjaldið er tekið af óskattlögðum launum sem frestar skattlagningu fram til útborgunar. Vegna skattfrestunarinnar finnur sjóðfélaginn minna fyrir sparnaðinum, þar sem ráðstöfunartekjur lækka um lægri fjárhæð en sem nemur raunverulegu iðgjaldi. Það er því óhætt að fullyrða að séreignarsparnaður er eitt hagstæðasta sparnaðarform sem völ er á.

Hvernig er rétt fjárfestingarleið valin?

Við val á fjárfestingarleið verður sjóðfélagi alltaf að hafa í huga að séreignarsparnaður hans er langtímafjárfesting, enda er inneignin bundin fram að 60 ára aldri. Það þýðir að sjóðfélagar geta ekki innleyst eign sína hvenær sem er eins og hægt er þegar fjárfest er með skammtímamarkmið í huga. Fjárfestingarstefnan ætti að taka mið af því hve lengi sjóðfélagi bindur eignina og í framhaldi af því hve mikla áhættu hann vill taka. Almenna reglan er sú að eftir því sem sjóðfélagi er yngri, því meira er áhættuþol hans, hann hefur lengri tíma til að ávaxta sparnað sinn og þóli því frekar sveiflur sem fylgja hlutabréfaverði. Yfirleitt eru fjárfestingar í skuldabréfum áhættuminni en fjárfestingar í hlutabréfum. Sögulega séð hafa hlutabréf þó gefið af sér hærri ávöxtun en skuldabréf en áhætta og sveiflur eru jafnframt meiri. Við hjá Séreign LSR vonum að sjóðfélagar taki meðvitaða ákvörðun um þá fjárfestingarleið sem nota skal er við ávöxtun séreignarsparnaðarinnar og hvetjum þá til að leita aðstoðar ráðgjafa hjá Séreign LSR.

Hver er framtíðarsýn Séreignar LSR?


Þar sem Séreign LSR starfar náið með öðrum deildum LSR þá verður megináhersla lögð á að kynna sjóðfélögum í LSR kosti Séreignar LSR ásamt því að kynna almenn réttindi í LSR. Aukin kynningarstarfsemi undanfarinna 2 ára hefur skilað góðum viðbrögðum, sjóðfélagar í LSR eru í auknum mæli að kynnast kostum Séreignar LSR og má í því sambandi nefna ánægjulega fjölgun félagsmanna KÍ í Séreign LSR frá síðastliðnum áramótum. Markmið aukinnar kynningar á LSR lýtur að því hversu mikilvægt er fyrir alla sjóðfélaga að hafa undirstöðuatriði lífeyrisréttinda á hreinu, hvort sem um ræðir réttindi í A- eða B-deild LSR, LH eða Séreign LSR.

Verðbréfaeign LSR og LH

Verðbréfamarkaðir hækkuðu töluvert á síðasta ári, ekki síst sá íslenski. Innlend hlutabréf hækkuðu um tæp 59% og innlend skuldabréf héldu áfram góðu gengi. Erlend hlutabréf hækkuðu um nær 15% í erlendri mynt en vegna mikillar styrkingar krónu gagnvart dollar lækkuðu erlend hlutabréf um rúmlega 1% í krónum talið.

Verðbréfaeign LSR og LH 2004

- Erlend hlutabréf 24.2%
- Innlend hlutabréf 15.6%
- Erlend skuldabréf 0.7%
- Sjóðfélagalán 14%
- Ríkistryggð bréf 27.1%
- Skuldabréf fyrirtækja 5.4%
- Veðskuldabréf 0,2%
- Skuldabréf sveitarfélaga 5.8%
- Skuldabréf lánastofnana 7.1%



Einstakir eignaflokkar

Innlend skuldabréf nema nú rúmlega 59% af heildareignum og þar af eru um 27% af heildareignum í löngum ríkistryggðum skuldabréfum og um 14% í sjóðfélagalánum með langan lánstíma. Um 18% af heildareignum er í skuldabréfum sveitarfélaga, lánastofnana og fyrirtækja. Á síðasta ári gekk vel að ávaxta skuldabréf sjóðanna og nam raunávöxtun þeirra 8,6%. Mikil áhættudreifing og langur bindítími hefur verið hafður að leiðarljósi við ávöxtun einstakra skuldabréfaflokka og hefur sú stefna skilað góðri ávöxtun. Kjölfestan í eignasafni LSR og LH er traust verðtryggt ríkistryggt skuldabréf og

sjóðfélagalán með langan bindítíma sem mæta vel skuldbindingum.

Innlend hlutabréf námu tæplega 16% af heildareignum í árslok en meðalstaða yfir árið 2004 var 11%. Ávöxtun safnsins var 60,4% á síðasta ári eða 1,5% yfir viðmiðunarvísitölu, ICEX-15. Fjárfestingarstefna lífeyrissjóðsins gerir ráð fyrir 10% í innlendum hlutabréfum en á árinu 2004 voru innlend hlutabréf á bilinu 8–15%, með meðalstöðu upp á 11% eins og áður sagði, sem er í takt við fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins.

Erlend hlutabréf nema nú rúmlega 24% af heildareignum og er mikil áhættudreifing milli einstakra fjárvörsluaðila, aðferðafræði og fjárfestingarstefnu. Meiri kjölfesta er í hlutabréfasafni með auknu vægi vísitölusjóða og umframvísitölusjóða. Nafnávöxtun sjóðanna á síðasta ári nam 3,5% á móti 1,4% lækkuð heimsvísitölu hlutabréfa. Lífeyrissjóðurinn hefur stundað virka gjaldmiðlastýringu og náðist góður árangur í henni á árinu 2004. Gjaldmiðlastýring minnkar sveiflur í ávöxtun erlends hlutabréfasafns. Með auknum eignum í hlutabréfum munu sveiflur í ávöxtun aukast.

Sjóðirnir hafa lítillaga hafið fjárfestingar í erlendum skuldabréfum og námu eignir sjóðanna í þeim eignaflokki tæplega 1% af heildareignum í árslok. Raunávöxtun erlendra skuldabréfa sjóðanna á síðasta ári nam 5,0%. Ástæða fjárfestinga sjóðanna í erlendum skuldabréfum er tvíþætt, annars vegar er um góða áhættudreifingu að ræða og hins vegar skortur á framboði trausta íslenskra skuldabréfa. Líklegt er að þessi eignaflokkur muni vaxa töluvert þegar fram líða stundir en fjárfestingarstefna sjóðanna gerir ráð fyrir að allt að 5% af eignum sjóðanna verði í erlendum skuldabréfum.

Séreign LSR – ávöxtun í fremstu röð


Ávöxtun Séreignar LSR var mjög góð á síðasta ári. Innlendi verðbréfamarkaðurinn átti þar stærstan hlut þar sem innlend hlutabréf og skuldabréf hækkuðu mikið. Nafnávöxtun Leiðar I var á síðasta ári 15,0% og var hæst ef horft er til sambærilegra

fjárfestingarleiða hjá Íslandsbanka, Landsbanka og KB banka. Nafnávöxtun Leiðar II var 12,2% og var næsthæst af sambærilegum fjárfestingarleiðum hjá bönkunum þremur.

	Nafn- ávöxtun	Raun- ávöxtun	Eignir (m.kr.)	Fjárfestingarstefna			Sveiflur í ávöxtun	Aldur í Sér-leið	
				Erlend hlutabréf	Innlend hlutabréf	Erlend skuldabréf			
Leið I	15,0%	10,6%	2.345,7	35%	10%	5%	50%	meiri sveiflur	54 ára og yngri
Leið II	12,2%	7,9%	645,2	15%	5%	5%	75%	minni sveiflur	55 ára og eldri
Leið III	9,8%	5,7%	280,1				100%	lágmarkssveiflur	lífeyrisþegar
			3.271,1						

Lánakerfi

Nýtt lánakerfi LSR var tekið í notkun í apríl síðastliðnum. Nýtt útlit yfirlita og greiðsluseðla er fyrsta breytingin sem lánþegar taka eftir en á næstunni verður einnig boðið upp á beingreiðslur ásamt því að lánþegar geti nálgast upplýsingar um lánamál sín á heimasíðu LSR. Beingreiðsluþjónustuna geta lánþegar nýtt sér til þess að greiða af lánum sínum milliliðalaust með millifærslu af bankareikningi. Hægt er að stilla beingreiðslur í heimabönkum eða hjá þjónustufulltrúum. Greiðsla er svo millifærð af reikningi viðkomandi fyrir eindaga greiðslu og því er tryggt að aldrei þarf að greiða dráttarvexti. Gjaldskrá sjóðsins er í endurskoðun og hugmyndin er sú að þeir sem greiði með beingreiðslum njóti betri kjara í formi lægri greiðslugjalda. Síðar á árinu verður svo hugað að beintengingu lánakerfis við sjóðfélagavef en sú breyting mun hafa það í för með sér að sjóðfélagar geti fylgst með skuldastöðu sinni á netinu og prentað út yfirlit yfir greiðslur og stöðu lána.



Áfram greiðsluþjónusta

Þeir sem notfæra sér greiðsluþjónustu bankanna til þess að greiða af sjóðfélagalánum munu að sjálfsögðu geta gert það áfram en í framtíðinni munu þeir fá senda seðla heim með sömu upplýsingum og eru á greiðsluseðlum en í stað upphæðarinnar stendur: SKULDFÆRT.

Nýtt útlit yfirlita í A-deild, B-deild og LH

Mikil breyting hefur orðið á útliti yfirlita í A-deild LSR. Útlit yfirlitanna er í samræmi við útlit yfirlita í Séreign LSR og eru hönnuð með það að leiðarljósi að koma upplýsingum um iðgjaldagreiðslur og réttindi til skila með skýrari hætti en áður. Yfirlitin eru unnin í tengslum við uppsetningu á nýju tölvakerfi LSR.

Samspil vaxta og lánstíma

Lánsfjárhæð, vaxtastig og lengd lánstíma ræður mestu um greiðslubyrði lána.

Lengri lánstími hækkar heildarkostnaðinn við lántökuna. Þ.e. sú fjárhæð sem lántakandinn greiðir í vexti er þeim mun hærri eftir því sem lánstíminn er lengri. Þá ber einnig að hafa í huga að ef lán er tekið til langs tíma er eignamyndun hæg og stundum minni en engin lengi framan af lánstímanum, einkum ef verðbólga er nokkur. Lengri lánstími þýðir hins vegar lægri greiðslubyrði.

Þú getur greitt aukagreiðslur inn á LSR lán, hvenær sem er á lánstímanum, án sérstaks kostnaðar, og lækkað þannig greiðslubyrði og vaxtakostnað og hraðað eignamyndun.

Borgar sig að skuldbreyta eldri lánunum?

Því er stundum haldið fram að það borgi sig ekki að greiða upp gamalt jafngreiðslulán sem búið sé að greiða af í mörg ár vegna þess að hlutur höfuðstóls-greiðslu í hverri afborgun sé orðinn svo hár. Staðreyndin er hins vegar sú að það getur í mörgum tilvikum borgað sig að endurfjármagna eldra lán, þó um jafngreiðslulán sé að ræða sem greitt hefur verið af í nokkurn tíma. Þá verður hins vegar að huga vel að lánstíma hins nýja láns og vaxtamun lánanna. Nauðsynlegt er að reikna hvert tilvik fyrir sig því ýmsir þættir geta haft áhrif á endanlega niðurstöðu, t.d. hvort vextir séu breytilegir, uppgreiðslugjald vegna hins eldra láns, lánstími eldra og nýs láns o.s.frv.

Fréttabréf Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga.
Ábyrgðarmaður: Haukur Hafsteinnsson
Umsjón: Ágústa H. Gísladóttir
Hönnun og umbrot: Tunglið – auglýsingastofa

Lífeyrissjóðir • Bankastræti 7 • Sími: 510 6100
Símatími 9:00–16:00
Afgreiðslutími 9:00–15:30



Bankastræti 7 • 101 Reykjavík • Sími: 510 6100
Fax: 510 6150 • lsr@sr.is • www.lsr.is



Fremsta röð frá vinstri: Anna S. Arnardóttir, Anna Gunnarsdóttir, Kristín D. Kristjánsdóttir, Þórey Þórðardóttir, Málfríður Ögmundsdóttir, Sigurást Sigurðardóttir, Kristín H. Kristinsdóttir, Ásta Karlsdóttir, Valdís Jóhannesdóttir, Erna Guðmundsdóttir og Þorkell Sigurgeirsson. Miðröð frá vinstri: Páll Ólafsson, Arnfríður Einarsdóttir, Ingibjörg Garðarsdóttir, Ingibjörg Thorarensen, Anna G. Jóhannsdóttir, Sigrún Bragadóttir, Regína Hansdóttir, Kristín Nielsen, Þorbjörg Guðnadóttir, Jóhanna Einarsdóttir og Helga Guðmundsdóttir. Efsta röð frá vinstri: Tómas Möller, Ágústa Gísladóttir, Róbert Róbertsson, Albert Jónsson, Haukur Hafsteinnsson, Ólöf Sigurjónsdóttir, Sólveig Kristjánsdóttir, Auður Björgvinsdóttir og Leifur Magnússon. Á myndina vantar Önnu L. Gunnlaugsdóttur, Esther Sigurðardóttur, Íris Guðmundsdóttur, Þóru Þorsteinsdóttur og Þórunni Berndsen.

LSR lán í brennidepli

Breytingar á lánareglum LSR lána

Sú breyting hefur verið gerð á lánareglum að nú fylla þeir, sem sækja um lán á bilinu fimm til tíu milljónir króna, út yfirlýsingu um greiðslugetu þar sem þeir gera grein fyrir tekjum sínum, útgjöldum, eignum og skuldum. Yfirlýsingin gerir starfsmönnum LSR betur kleift að veita viðskiptavinum sjóðsins viðeigandi ráðgjöf í tengslum við lánveitingar. Einnig kemur yfirlýsingin í flestum tilvikum í stað hefðbundins greiðslumats frá bönkum eða sparissjóðum. LSR mun svo innan tíðar bjóða upp á nýja gerð greiðslumats sem mun þá í öllum tilvikum geta komið í stað hefðbundins greiðslumats frá bönkum eða sparissjóðum.

Gott er að hafa í huga ...

Breytingar á lánamarkaði og aukin eftirspurn eftir LSR lánunum gefur okkur tilefni til að fara yfir nokkra mikilvæga þætti sem gott er að hafa í huga þegar nýtt lán er tekið til fjárfestinga eða til endurfjármögnunar.

- Vaxtakjör LSR lána taka ekki mið af öðrum viðskiptum og breytast ekki þó lántakandi hætti að greiða iðgjöld til LSR eða þó lán sé yfirtekið af einstaklingi sem hefur ekki greitt iðgjöld til LSR.
- Heimilt er að greiða LSR lán upp að hluta eða öllu leyti án nokkurs kostnaðar.
- Lánstími LSR lána er sveigjanlegur og heimilt er að stytta eða lengja greiðslutímamann hvenær sem er á lánstímanum.
- LSR lán þarf ekki að vera á 1. veðrétti. LSR lán er því hagkvæmur kostur við endurfjármögnun eldri lána þegar lántakandi kys að halda hluta af eldri lánunum á eign sinni.
- LSR tekur enga þóknun fyrir uppgreiðslu lána hjá öðrum lánveitendum.